

Árið 2017, mánudaginn 22. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-55/2017: Ákærvaldið gegn X en málið var dómtekið 24. f.m.

Málið er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 24. janúar 2017 á hendur:

X, kennitala 000000-0000,

[...]

til dvalar í fangelsinu Litla-Hrauni,

fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa, laugardaginn 5. nóvember 2016, að [...] í Reykjavík, stungið Z með hnífi í vinstri síðu inn í vinstra lunga og í vinstri kinn inn í munnhol, með þeim afleiðingum að Z hlaut stungusár á vinstri síðu, skurð sem gekk inn í brjósthol, litlar afrifur úr rífi, og féll vinstra lunga hans saman að hluta, sem og stungusár á vinstri kinn, skurð sem gekk inn í munnhol og tannarbrot.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Z, kennitala 000000-0000, er gerð krafa um að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr.

laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. nóvember 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu og að miskabótakröfu verði vísað frá dómi eða sýknað af henni. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að miskabótakrafa sæti verulegri lækkun. Komi til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar er þess krafist að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar með fullri dagatölu. Málsvarnarlauna er krafist úr ríkissjóði að mati dómsins

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var lögreglan send að [...] á þeim tíma sem í ákæru greinir vegna hnífstungu. Við komu lögreglu sat ákærði við útidyr hússins með stóran blæðandi skurð á enni. Lögreglan leitaði á vettvangi af ætluðu árásarvopni en ekkert fannst. Þá segir í skýrslunni að ákærði hafi verið með tvö stungusár á baki og eitt á síðu. Í skýrslunni er því lýst að sjúkraflutningamenn hafi sinnt Z sem var blóðugur inni á þaðherbergi efri hæðar hússins. Í frumskýrslunni er lýst blóði á vettvangi, bæði innandyra og fyrir utan húsið. Þetta sést einnig á ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi og af upptöku lögreglu þaðan. Þá er í skýrslunni lýst ráðstöfunum sem gerðar voru í framhaldinu en Z og ákærði voru fluttir á slysadeild.

Samkvæmt lögregluskýrslu sem tekin var af Z á bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss í Fossvogi 5. nóvember 2016 greindi hann svo frá að þeir B og C hefðu verið á neðri hæð hússins er ákærði kom mjög reiður niður stigann og vildi ráðast á þá alla. Þá segir „ég var fyrstur sem réðst á hann og svo fór hann hérna, þá fór hann að slá“. Síðar greindi hann frá því að hann hefði fundið að hann hafði orðið fyrir hnífstungu og fór þá á þaðherbergi á efri hæðinni.

Tekin var önnur lögregluskýrsla af Z 8. nóvember 2016 og greindi hann þá svo frá að komið hefði til deilna. Hann lýsti því er ákærði fór afsíðis en kom til baka með hníf. Hann kvað þá C hafa farið til hans og hafi hann sparkað í ákærða til að freista þess að fella hann en ekki tekist. Hann hafi þá gripið í þá hendi ákærða sem hélt á hnífnum. Síðar í skýrslunni segir „ég gat gripið handlegginn en ekki

þannig að hérna á meðan ég var hérna að halda handleggnum hans hann gat hann stakk mig“. Hann bar síðan um það að hann hefði hlotið áverka, stungusár á vinstri kinn af völdum ákærða.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af ákærða á bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss í Fossvogi 5. nóvember 2016 neitaði hann að vera valdur að áverkum Z en þeir, ásamt fleirum, hefðu setið að drykkju í [...] á þessum tíma. Hann kvað hafa komið upp rifrildi milli þeirra Z og þeir slegist en vinir Z, sem hann gat ekki nafngreint, hafi komið honum til aðstoðar og barið ákærða svo hann missti meðvitund. Hann komst ekki aftur til meðvitundar fyrr en eftir að sjúkrabíll kom á staðinn. Hann kvaðst ekki hafa stungið Z en sjálfur hefði hann hlotið hnífsstungur.

Nú verður rakinn framburður ákærða og vitnisburður fyrir dómi og hjá lögreglu eins og ástæða þykir

Ákærði neitar sök. Hann kvað B og D hafa hringt í sig og spurt hvort hann gæti lánað B pening. Ákærði kvaðst hafa gert það og tekið peninga úr banka. Eftir það fór hann í vínbúð og keypti bjór og fór þaðan til B og D. Allt hafi gengið vel í byrjun. Að því kom að C kom í heimsókn að [...] og hafði hann vodkaflösku meðferðis. Partýið hafi haldið áfram og þeir setið að drykkju og rætt ýmislegt meðal annars frá heimhögum í [...] en Z, C og B væru vinir frá [...] þar sem þeir ólust upp saman. Ákærði kvað rifrildi hafa komið upp og taldi hann að áfengisdrykkjunni væri um að kenna. Hann áleit þá að tími væri kominn til að fara heim. Hann kvaðst ekki hafa verið mikið drukkinn og hann myndi atburði vel þar til hann fékk höfuðhögg sem síðar verður lýst. Hann hafi farið í úlpuna sína og verið á leiðinni út er B spurði hvort hann væri að fara en B og D hafi ýtt í ákærða sem ýtti á móti. Eftir þetta sló B ákærða sem datt á sjónvarpið en stóð aftur upp og tóku þeir B þá að slást og bað ákærði B um að róa sig. Þá hafi vinir B þeir Z og C staðið upp og hjálpað B. Allir þrír hafi þá ráðist á ákærða, lamið hann og sparkað í hann. Hann reyndi að verjast og ýta árásarmönnunum frá en það var erfitt gegn ofurefli. Hann hafi ítrekað verið sleginn og sparkað í hann og lýsti hann því. Í þessari atburðarás sá hann hníf á borðstofuborðinu. Hann greip hnífinn, hélt á honum og reyndi að jafna sig en hann hafi þarna verið kominn með áverka og blætt hafi úr honum. Hann viti ekki hver skildi hnífinn eftir á borðinu en þeir hafi verið að elda mat á staðnum. Hann kvaðst hvorki hafa hóttað né ráðist á neinn með hnífnum en nokkrir metrar hafi verið í hina mennina er hann tók upp hnífinn. Hann

hafi vonast til þess að það að hann héldi á hnífnum myndi hræða mennina og koma í veg fyrir að haldið yrði áfram að ganga í skrokk á honum. Hann hafi ætlað að hlaupa út strax og færir gæfist. Það hefði ekki tekist og Z hefði spurt ákærða að því hvort hann héldi að þeir væru hræddir við hann þótt hann héldi á hnífnum. Síðan hafi Z ráðsit á ákærða þó að hann héldi á hnífnum, slegið ákærða tvisvar í höfuðið og sparkaði í rifbein hans og kvið. Hann viti ekki hvað Z gekk til er hann veittist að ákærða og hann hafi ekki getað sleppt hnífnum þar sem Z hélt þannig í hann. Ákærði hefði ekkert gert nema að reyna að verjast. Að því kom að Z greip í handlegg ákærða þeim megin sem hann hélt á hnífnum en samtímis reyndi B að fella ákærða sem bakkaði undan til að forðast. Slagsmál urðu og ýttu þeir hvor í annan. Þá hafi Z gripið í úlpu ákærða og reynt að draga hana yfir höfuð hans í því skyni að fella hann sem ekki tókst. Þetta hafi haldið áfram og að því kom að hann sá stól á lofti og var hann sleginn með honum í höfuðið. Við það hafi hann misst meðvitund og vaknað á spítala er verið var að gera að sárum hans. Spurður um það hver hefði slegið hann með stólnum kvað ákærði þá hafa verið fjóra í herberginu. Z hafi haldið í handlegg ákærða, B hafi reynt að fella hann og því sé C sá sem komi til greina varðandi það að hafa lamið ákærða í höfuðið með stólnum. Hann lýsti því er lögreglan tók skýrslu af honum á sjúkrahúsinu og að hann hafi þá verið yfirheyrður bæði sem árásarmaður og brotaþoli vegna áverkanna sem hann hlaut.

Ákærði neitaði að hafa stungið Z eins og ákært er fyrir og segir það aldrei hafa verið ásetning sinn. Spurður um það hvort Z hefði getað hlotið áverkana í átökum sem ákærði lýsti ítrekaði ákærði neitun sína. Hann hefði ekki stungið Z með hnífnum. Hann hvað Z hafa ráðist á sig er hann hélt á hnífnum og slegið sig tvisvar sinnum í höfuðið. Ákærði hefði ekki stungið hann á þessum tímapunkti né er sparkað var í kvið hans. Þá tók ákærði fram að hann hefði ekki getað stungið Z sem hélt um handlegg ákærða þar sem hann hélt á hnífnum. Hann viti ekki hver var valdur að áverkum Z og hann viti heldur ekki hver stakk ákærða sjálfan. Ákærði kvað engin illindi eða deildur hafa verið milli þeirra Z fyrir þennan atburð.

Við komu lögreglu á vettvang voru fleiri menn á staðnum en þeir fjórir sem ákærði lýsti. Spurður um það hvar þeir hefðu verið er atburðurinn samkvæmt ákæranni átti sér stað lýsti ákærði því að húsið væri á þremur hæðum, í því væru mörg herbergi og aðrir en þeir fjórir sem hann nefndi hefðu verið í herbergjum sínum á þessum tíma.

Hann kvaðst hafa ætlað að fá far í burtu með A og hefði hann ætlað að sækja ákærða en honum tókst ekki að komast út eins og rakið var. A eða aðrir sem þarna voru hafi ekki orðið vitni að atburðinum sem lýst var. Aðeins þeir fjórir sem

voru í stofunni hafi verið vitni, eins og ákærði bar.

Fyrir liggur að ákærði hlaut alvarlega ákverka í [...] á þessum tíma. Spurður um það hvernig hann hlaut þá kvað hann alla mennina þrjá sem um ræðir hafa sparkað í sig, íklædda skóm, og lamið eins og rakið var. Hann taldi sig hafa höfuðkúpbrotnað við spark í höfuðið en vissi ekki hver var valdur að því. Hann vissi ekki hvernig hann hlaut tunguáverkana nema að það hefði gerst eftir að hann missti meðvitund. Ákærði lýsti staðsetningu þessara atburða í stofunni og staðsetningu þeirra sem þarna voru með aðstoð ljósmynda sem eru meðal gagna málsins. Ákærði mundi ekki eftir skýrslutökum á spítalanum. Hann vissi ekki að hann hefði verið stunginn.

Vitnið E kvaðst hafa verið í heimsókn í [...] hjá G á þeim tíma sem um ræðir en ekki hafa séð hvað gerðist. Hann kvaðst þekkja ákærða frá því þeir unnu saman. Hið sama eigi við um aðra sem þarna voru. Hann kvaðst hafa setið í bíl fyrir utan húsið ásamt F, A og G. A hafi farið inn í húsið til að sækja ákærða en komið út stuttu síðar og sagt að maður hefði verið stunginn þar inni. Vitnið hafði áður farið inn í húsið stutta stund og í stofuna þar sem fyrir voru B, Z, ákærði og einn maður til. Mennirnir hafi setið þar og allt verið með felldu. Hann hefði séð blóðbletti er hann fór inn í húsið í síðara skiptið. Hann fór þá upp og sá þá Z og að úr honum blæddi. Hann hefði hringt á lögreglu og sjúkrahús. Z hafi beðið vitnið um að kíkja á sig og kanna hvar hann hefði verið stunginn. Vitnið kvaðst ekki hafa gert það en aðstoðað Z sem hafði verið stunginn í síðuna og í andlitið. Hann kvað Z ekki hafa sagt hvað gerðist og vitnið kvaðst ekki hafa spurt hann. Er hann fór út úr húsinu hafi hann séð ákærða blóðugan á höfði. Vitnið ræddi ekkert við ákærða þarna. Fram kom að lögreglan hélt vitninu og fleirum saman í bílskúr við húsið eftir atburðinn og þá hefðu þeir rætt það sem gerðist. B og annar maður, sem vitnið vissi ekki deili á, ræddu þetta. Hann kvaðst ekki muna þetta í smáatriðum en rætt hefði verið um rifrildi og að einhver hefði verið með hníf. Rætt var um að ákærði hefði stungið en ekki hafi verið rætt um hver veitti ákærða áverka utan að fram kom að einhver hefði slegið hann í höfuðið með stól.

Vitnið F kvaðst hafa búið í [...] á þeim tíma sem um ræðir. Allir hafi setið í stofunni er B réðst á hann og fór hann þá í herbergið sitt. Stuttu síðar var hann í bíl fyrir utan húsið ásamt A, G og fleirum. Til stóð að keyra ákærða heim en þeir ákærðu ynnu saman og væru vinir. A fór þá inn í húsið og kallaði á ákærða en kom

fljótt út aftur og greindi frá því að slagsmál eða eitthvað væri í gangi þar inni. Þeir sem í bílnum voru fóru þá inn í húsið og er þangað kom hafi allt verið yfirstaðið. Er hann kom þar inn sá hann einhverja hlaupa hvern frá öðrum en hann gat ekki sagt hverjir það voru. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða þá. Hann kvaðst hafa séð B hlaupa út úr húsinu. Hann sá ekki nein átök. Hann fór út og sá ákærða blóðugan og í rifinni úlpu fyrir utan húsið. Hann kvaðst ekki vita hvernig ákærði hlaut áverkana. B hefði reynt að lemja ákærða í andlitið fyrir utan húsið en þá var ákærði þegar þegar kominn með áverkana. Lögreglan kom stuttu síðar. F vissi ekki hvernig Z hlaut áverkana sem um ræðir. Hann sá ekki átök milli ákærða, A og annarra sem þarna voru. Hann kvað lögregluna hafa haldið vitninu og fleirum, meðal annars B og C, inni í bílskúr við húsið í þrjár klukkustundir eftir komu á staðinn. Þar kvaðst vitnið hafa lagt sig.

Vitnið A kvaðst ekki muna allt frá þessum tíma. Hann kvað menn sem bjuggu ásamt honum að [...] hafa verið við áfengisdrykkju og meiningin hefði verið að vitnið skutlaði ákærða heim til sín. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða persónulega en þeir hefðu unnið saman. Hann þekkti Z og B þar sem þeir bjuggu allir í [...] og unnu hjá sama fyrirtæki. Hann kvaðst þennan dag hafa sótt ákærða og ekið honum til að taka út peninga úr hraðbanka til að lána B eða öðrum. Úr bankanum fóru þeir í vínbúð þar sem ákærði keypti bjór. Eftir það ók hann ákærða heim þar sem vitnið fór inn í herbergið sitt. Síðar hafi verið komið að máli við sig og hann beðinn um að skutla ákærða heim. Hann sagði ákærða að þeir skyldu fara en þá hefði B gert grín að ákærða. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa farið í bílinn fyrir utan húsið. Þar beið hann í 5 til 10 mínútur ásamt G og F uns G fór aftur inn en kom til baka og sagði að þeir skyldu fara. Vitnið vildi það ekki og stuttu síðar heyrðu þeir læti frá húsinu. Hann fór þá inn og sá Z detta og C halda á stól tilbúinn til að lemja með honum. Eftir það fór hann aftur út til að sækja þá sem voru í bílnum fyrir utan. Hann kom aftur inn stuttu síðar. Þá sá hann ákærða koma blóðugan út úr eldhúsinu. Eftir þetta fór hann upp á baðherbergi þar sem þeir E aðstoðuðu Z og þá áttaði hann sig á því að Z hefði verið stunginn. Hann var spurður að því hvað Z hefði sagt. Vitnið kvaðst ekki muna annað en það að Z hefði sagst hafa verið stunginn. Ítrekað spurður um það hvort Z hefði greint honum frá því hver hefði verið valdur að áverkunum kvaðst vitnið ekki muna það. Hann sá ekki hníf á vettvangi en vitnið kvaðst ásamt fleirum hafa leitað árangurslaust að hníf uns lögreglan kom. Vitnið bar að hafa séð Z detta í gólfið en hann mundi ekki hvað gerðist eftir það nema mjög brotkennt. Spurður um það hvort hann hefði séð ákærða stinga Z, eins og lýst er í ákærinni, kvaðst hann ekki hafa séð það. Hann hafi verið staddur ofarlega í stiga er hann sá Z

detta á rassinn þar sem hann var við sófann. Þegar Z datt hafi B og C farið að nálægum vegg og úr sjónlínu hans. Hann sá C og B en hann viti ekki hver var við vegginn. Eftir þetta hljóp hann út og sótti þá sem voru í bílnum. Vitnið kvað ákærða hafa verið með skurð á höfði en fram kom hjá C að hann hafi verið að verja Z og slegið ákærða með stól. Vitnið sá þetta ekki en í stofunni voru merki um átök og þeir sem þar voru hafi allir verið æstir. Hann kvaðst ekki hafa rætt við ákærða á staðnum og ekki hafa séð hvernig hann hlaut áverkana.

Í skýrslutöku hjá lögreglu greindi A svo frá í upphafi að B hefði haldið á stól, síðan taldi hann að ákærði hefði haldið á stólnum og loks að C hefði gert það. Spurður um skýringar á þessu fyrir dómi kvaðst hann ekki breyta vitnisburði sínum hjá lögreglu um það að C hefði haldið á stólnum. Beðinn um að lýsa þessu nánar kvaðst hann ekki muna þetta.

Minni vitnisins var brotakennt og mjög á reiki og rifjuðust atburðir upp smátt og smátt að því er virðist. Við skýrslutöku hjá lögreglunni 5. nóvember 2016 greindi A svo frá að F hefði slitið menn í sundur. Fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa séð þetta.

Vitnið H lögreglumaður staðfesti frumskýrslu sem vísað var til að framan. Hann kvað ástand ákærða hafa verið mjög slæmt við komu lögreglu á vettvang. Hann hefði legið alblóðugur í framan og hálf rænulaus fyrir framan húsið. H kvaðst ekki hafa reynt að tala við hann, aðrir hefðu reynt það en gengið mjög illa. Hann kvaðst aðeins hafa náð að spyrja Z um kennitölu en hann hafi ekki rætt við hann um málið. Í skýrslunni segir að á vettvangi hafi verið sjö menn og hafi verið bent á ákærða sem geranda í málinu. Vitnið staðfesti þetta fyrir dóminum. Hann kvað mennina sem þarna voru hafa verið vel ölvæða utan einn. Ekkert blóðugt áhald eða hnífur fannst þrátt fyrir leit en 10 eða 12 lögreglumenn hafi fínkembt næsta nágrenni í þessu skyni. Hann kvað að spurt hefði verið um áverkana á ákærða en svör við þeim spurningum hefðu verið loðin. Vitnunum var gert að dvelja saman í bílskúr við húsið eftir komu lögreglu. Hann kvað aðstæður hafa verið erfiðar til að skilja vitnin að og því hafi þessi háttur verið hafður á. Fyrir liggur að B hafi verið með blóð á hálskraga á fötum sínum en B sagði skýringuna þá að hann hefði verið að hlúa að ákærða fyrir utan og þannig orðið blóðugur. H lýsti því að B hefði verið ótrúverðugur og sagt á ólíkan hátt frá atburðum er hann ræddi við hann.

Vitnið I rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn og skýrði og staðfesti vettvangsrannsókn sem hann vann. Hann lýsti aðkomunni á miðhæð hússins þar sem mikið var af áfengisumbúðum, brotinn stóll og blóðslóð. Einnig hafi verið blóðslóð á efri hæðinni. Hann lýsti blóðslettum á vegg á miðhæðinni sem benti til þess að blóð hafi slest í átökum. Ljósmyndir sem teknar voru sýni þetta vel. Lagt var hald á hníf sem fannst í eldhúsvaski en við rannsókn reyndist ekkert blóð á honum.

Vitnið J, sérfræðingur í tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, annaðist sendingu sýna til rannsóknar í Svíþjóð og ritaði skýrslur um DNA-rannsóknir sem voru unnar þar. Hann staðfesti gögnin og skýrði. Hnífur sem fannst í eldhúsvaski var rannsakaður en stroksýni sem tekin voru af honum gáfu ekki svörun við blóðprufum. Þá liggur fyrir skýrsla frá öðrum rannsóknarmanni um að engin fingraför hafi fundist á hnífnum. J kvað sýni hafa verið send til Svíþjóðar tvisvar sinnum. Í fyrri sendingunni voru 12 sýni úr fatnaði og skóm ákærða. Niðurstaða greininga var sú að öll sýnin voru með blóð úr ákærða sjálfum. Sent var út til samanburðarsýni blóðsýni úr ákærða og Z. Síðar voru send til rannsóknar tvö sýni sem tekin voru á vettvangi, af stofuvegg og í borðstofu, þrjú sýni úr peysu Z og ellefu sýni úr fatnaði ákærða. Niðurstaðan var sú að bæði sýnin af vettvangi væru frá ákærða, öll þrjú sýnin úr fatnaði Z voru úr honum sjálfum og öll sýnin úr fatnaði ákærða væru úr honum sjálfum. Hann kvað föt ákærða hafa verið mjög blóðug og hafi meira en 20 blettir verið sendir til greiningar en öll sýnin reyndust úr ákærða sjálfum.

Á vitnalista ákæruvaldsins í málinu voru vitnin Z, B og C. Ekki tókst að hafa uppi á C en tvö fyrstgreindu vitnin, sem bæði eru búsett í [...], neituðu að koma fyrir dóm í málinu. Ákæruvaldið fór fram á að þessi vitni gæfu skýrslu í málinu gegnum síma eða annað fjarskiptatæki. Verjandi ákærða mótmælti því og taldi ekki lagaskilyrði til þess auk þess sem það tryggði ekki grundvallarréttindi ákærða. Kveðinn var upp úrskurður um kröfu ákæruvaldsins og var niðurstaðan sú að ekki væru fyrir hendi lagaskilyrði til þess að þessi vitni gæfu skýrslu öðruvísi en að mæta fyrir dómi. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar en þar var málinu vísað frá og stendur úrskurðurinn því. Ofangreind vitni gáfu því ekki skýrslu undir aðalmeðferð málsins.

Nú verður rakinn vitnisburður þeirra sem ekki komu fyrir dóm undir aðalmeðferðinni

Tekin var skýrsla af Z fyrir dómi 10. nóvember 2016 undir rannsókn málsins á grundvelli c-liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008. Hann kvað party hafa verið heima hjá sér og að ákærði hefði verið orðinn mjög reiður en deilur virðast hafa spunnist upp út af bjór. Þeir C hafi séð ákærða fara fram í eldhús og sækja þangað hníf sem hann kom með til baka. Hann hafi sveiflað hnífnum og öskrað. Síðan bar vitnið að ákærði hefði ekki beint sveiflað hnífnum heldur haldið honum á lofti og gengið í áttina til þeirra C. Þeir hafi því talið sig í hættu og gengu saman til móts við ákærða. Vitnið kvaðst hafa sparkað í ákærða í því skyni að hann slepti hnífnum. Þá hefði hann náð að grípa um úlnlið þeirrar handar ákærða sem hélt á hnífnum. Allt hafi gerst hratt en ákærði hafi stungið sig í síðuna og hafi hann fallið í gólfið. Hann hafi haldið upp á baðherbergi þar sem hann sá að hann hafði hlotið stungusár í kinn.

Tekin var skýrsla af C hjá lögreglu 5. nóvember 2016. Hann kvaðst hafa setið á tali við B þar sem þeir drukku bjór og vodka í [...] á þessum tíma. Vitnisburður hans í þessari skýrslutöku er óskýr og hann minnst hvorki á Z né ákærða.

Tekin var önnur lögregluskýrsla af C 18. nóvember 2016. Hann kvaðst hafa komið í heimsókn til B og Z á þessum tíma og þeir hafi verið að drekka bjór. Komið hafi til orðahníppinga milli ákærða og Z. Ákærði varð reiður, fór út úr herberginu en kom til baka með hníf úr eldhúsinu að hann hélt. Hann kvað hnífinn sem fannst í eldhúsvaskinum á staðnum vera líkan hnífnum sem ákærði sótti. Þeir Z stóðu þá upp og ætluðu að taka hnífinn af ákærða en þegar Z kom nær ákærða var hann stunginn. Allt hafi þetta gerst mjög hratt. Nánar spurður um þetta kvað hann ákærða hafa verið beðinn um að sleppa hnífnum en hann hafi ekki gert það. Spurður hvort hann hefði séð hversu oft ákærði stakk Z kvaðst hann ekki hafa séð það. Allt hafi gerst mjög hratt. Hann kvaðst eftir þetta hafa kastað stól í ákærða til að verjast honum. Z fór á efri hæðina þar sem honum var veitt aðstoð. Lögregla og sjúkrabíll komu stuttu síðar. Hann kvaðst engar skýringar hafa á áverkum ákærða.

Tekin var lögregluskýrsla af B 5. nóvember 2016. Hann kvað þá ákærða, Z og C hafa setið að drykkju í stofunni að [...] á þessum tíma. Hugsanlega hafi ákærði farið út um tíma. Skyndilega hafi hann orðið var við að Z lá slasaður í gólfinu eftir hnífstungu en hann kvaðst ekki hafa orðið var við nein átök. B kvaðst ekki hafa orðið var við átök þótt honum væri bent á það við skýrslutökuna að blóðslettur

væru á veggjum og stólar brotnir. Hann kvaðst ekki vita hver veitti ákærða áverkana sem um ræðir.

Önnur lögregluskýrsla var tekin af B 6. nóvember 2016. Hann kvaðst ekkert hafa séð fyrr en Z lá blóðugur í gólfinu og ákærði hefði hlaupið út. B kvaðst hafa farið á eftir honum til að tryggja veru hans á staðnum uns lögreglan kæmi. Hann kvað þá ákærða Z og C hafa verið í stofunni er slagsmál hófust en hann viti ekki hver átti upptökin. Í skýrslunni er sagt að fyrir liggja að ákærði hafi farið út úr stofunni en komið til baka reiður og með hníf. Spurður um þetta kvaðst hann ekki viss. Hann kvaðst ekki hafa séð nein átök. Hann var spurður hvernig hann skýrði að við handtöku hafi hann verið í rifinni blóðugri peysu og bol. Hann kvað það geta skýrst af því sem gerðist fyrir utan húsið er hann reyndi að koma í veg fyrir að ákærði færi í burtu. Aðspurður hvort enginn hefði orðið vitni að því sem gerðist, endurtók hann að hann hefði ekki séð neitt. Hann kvaðst ekki vita hver veitti ákærða áverkana.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð fyrir Z, dagsett 6 nóvember 2016. K sérfræðilæknir ritaði vottorðið sem hann skýrði og staðefsti fyrir dómi.

Vottorðið er svohljóðandi:

„Aðdragandi og sjúkrasaga:

Komið er með sjúkling á slysadeild ásamt með [...] og það sagt að þeir hefðu verið að slást með hnífum. Þeir voru drukknir. Kemur með sjúkrabíl.

Atvik: Það er óljóst atvik sem átök urðu á milli tveggja mann [...]og Z er annar þeirra.

Skoðun:

Við komu hér þá er hann með stungusár í síðu vinstra megin og hann er með stungusár í kinn vinstra megin sem gengur inn í munn.

Rannsókn:

Rannsókn leiðir í ljós eftirfarandi: Hann er með loftbrjóst vinstra megin og litlar afrifur úr 7. rífi þar sem hnífur hefur gengið í síðuna. Þar er tveggja cm. sár.

Vegna loftbrjóstsins þarf að setja kera sem settur inn um það bil tveimur ríffabilum ofar í fremri axillar línu. Stungusárið á síðunni er saumað saman og sömuleiðis sárið á kinninni en þar hefur verið stungið í gegnum kinnina. Aðrir áverkar eru ekki umtalsverðir.

Greiningar:

Áverkaloftbrjóst, S27.0

Opið sár á höfði, hluti ótilgreindur, S01.9

Tannarbrot, S02.5

Snerting við hníf, verð eða rýting – staðsetning ótilgreind, W26.9

Gangur og meðferð:

Niðurstaða eftir hnífabardaga kemur Z með stungusár í vinstri síðu og loftbrjóst sem þarf meðhöndlunar við.

Hann er jafnframt með munnsár í kinn sem gengur inn í gegnum kinnina og inn í munnholið. Hann er með tannbrot líka.“

Meðal gagna málsins er læknisvottorð fyrir Z, dagsett 10. nóvember 2016. L yfirlæknir ritaði vottorðið sem hann staðfesti og skýrði fyrir dómi.

Vottorðið er svohljóðandi:

„Vottorð byggir á gögnum úr sjúkraská Landspítala en undirritaður sá einnig um sjúkling á legudeild (12E) eftir áverkana.

Ofangreindur sjúklingur var færður inn á bráðamóttöku Landspítala með sjúkrabíl þann 5. nóv. 2016 eftir hnífaáverka sem hafði orðið við slagsmál. Við komu kvartaði hann um verki frá andliti og vinstri hluta brjóshols auk erfiðleika við innöndun.

Við komu var sjúklingurinn tekinn og andaði títt. Húðlitur var gráfölur og hann greinilega undir áhrifum áfengis. Lífsmörk voru stöðug nema púls var í fyrstu hraður (1400) en lækkaði síðan í 697mín, blóðþrýstingur var eðlilegur (149/88 mmHg) og súrefnismettun 100% með lítilsháttar súrefni í nös. Hann gaf litla sem enda sögu en ekki liggja fyrir upplýsingar í sjúkraskrá LSH um fyrra heilsufar. Við komu var hann með meðvitund en ekki vel áttaður. Við skoðun heyrðust minni öndunarhljóð vinstramegin og þar var nokkurra cm stungusár við rifjabil 7. Þessi skurður var djúpur en erfitt að meta nákvæmlega dýpt hans að utanverðu. Kviður var mjúkur. Skurðurinn á vi. kinn var grunnur og ekki lífshættulegur en einnig fannst minni skurður inn í munnholi og lét grunur á að ein tönn hefði losnað.

Gangur

Við komu vaknaði grunur um djúpa áverka á brjósthóli og þá fyrst og frest loftbrjóst (pneumothorax), enda bentu einkenni og skoðun til þess. Þar sem sjúklingurinn var fráfölnur við komu lék einnig grunur á blæðingu frá innri líffærum, sennilegast frá lunga eða hjarta. Lífsmörk bentu þó ekki til alavarlegrar blæðingar og fékk hann því aðeins 100 ml. af neyðarblóði en í staðinn meira af vökva í æð. Fengnar voru tölvusneiðmyndir (TS) sem sýndu loftbrjóst, þ.e. vinstra lungað hafði fallið saman að hluta. Ekki sást áverkamerki í kvið. Blóðprufur, þ.á.m. blóðgildi héldust stöðug. Hann fékk brjósholskera (thoraxdren) á bráðamóttöku til að hífa lungað aftur upp. Ekki var mikill loftlegi frá lunganu eða blæðing í dreninu. Hann var lagður inn á legudeild hjarta- og lungnaskurðeild (12E) þar sem hann lá í 2 sólahringa. Kerinn var fjarlægður eftir rúman sólahring og var þá enginn leki frá lunganu.

Blóðprufur héldust eðlilegar.

Hann á að mæta í eftirlit á göngudeild eftir nokkra daga, en líðan hans hefur að því mér skilst verið stöðug heima.

Álit

Ljóst er að áverkinn sem sjúklingurinn hlaut á vinstri brjósthol var lífshættulegur, enda stakktst hnífurinn það djúpt að gat kom á lungað. Ekki var þó um hættulega blæðingu að ræða eða merki um djúpa blæðingu í lunganu á tölvusneiðmyndum. Hins vegar hefði eggvopnið hæglega getað án mikillar mótstöðu farið aðeins dýpra og valdið hættulegum blæðingum frá lunganu eða stungist í hjartað, sem er aðeins nokkrum cm frá brjóstveggnum á þessu svæði. Slíkur áverki hefði hæglega getið verið banvænn og honum blætt út á nokkrum mínútum. Áverkarnir á vi. kinn og munn hol eru hins vegar ekki lífshættulegir en hann mun fá ör í andlitið eftir skurðinn. Áverkarnir á lunganu og brjóstholinu eru þess eðlis að hann á að öllum líkingum eftir að ná fullum bata. Ekki veðrur á þessu stigi dæmt um andlegar afleiðingar þessa.“

Meðal gagna málsins er læknisvottorð fyrir X, dagsett 6. nóvember 2016, sem K sérfræðilæknir ritaði. K staðfesti og skýrði vottorðið fyrir dóminum.

Vottorðið er svohljóðandi:

„Aðdragandi og sjúkrasaga:

Komið er með X ásamt öðrum samlanda hans frá sama stað en svo virðist að þeir hafi verið í slagsmálum þar sem hnífum var beitt. X er rotaður þegar að sjúkraflutningamenn kom á vettvang.

Skoðun:

Við komu hingað er meðvitundarstig orðið nær eðlilegt, öndun eðlileg. Er með skurð á enni sem er sennilega eftir barefli og síðan eru þrjú stungusár í vinstri síðu og baki. Blæðir úr efsta skurði á baki og þarf að halda við.

Rannsóknir:

Hann fer í tölvusneiðmyndir sem sýna að öll þessi stungusár eru grunn og ná ekki inn í líkamshol. Hinsvegar er brot á ennisbeini og loft á milli beins og húðar, komið frá þessari ennisholu. Hann er aumur í vinstri fæti og stingur við þegar hann stígur í en það er ekki að sjá brot á röntgenmynd.

Greiningar:

Opið sár á höfði, hluti ótilgreind,S01.9

Brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum, hluti ótilgreindur,S02.9

Opið sár á bol, hæð ótilgreind, T09.1

Niðurstaða og meðferð:

Þannig eru áverkar eftirtaldir sem staðfestast:

- 1.Sár á enni cirka 5 cm langur grunnur skurður sem er saumaður saman.
2. Þar undir er samkvæmt tölvusneiðmynd brot inn í ennisholuna. Ekki áverkamerki innan kúpunnar. Þetta er 17 X 17mm beinfleki sem er brotinn og tilfærður um 5mm niður í niður í ennisholuna.
- 3.Sjúklingur er með þrjá skurði á síðu og baki sem eru greinilega skornir með hnífi um það bil 2-3 cm að lengd og eru allir saumaðir saman eftir deyfingu og gengur vel.

Lífsmörk við komu og sjúklingur metinn með þessa ákverka sem ekki eru lífshættulegir.

Hann hefur líklega fengið rot og lá rotaður sennilega eftir högg af barefli eða hlut í ennið.

Sýnir ekki ógleði núna eða önnur merki heilahristings.

Fyrirhuguð er sex til tólf klukkustunda observation á slysa- og bráðadeild vegna meðvitundarmissis.“

Niðurstaða

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Eins og rakið var komu vitnin Z, B og C ekki fyrir dóm undir aðalmeðferðinni af ástæðum sem raktar voru. Svo virðist sem þessir þrír menn, auk ákærða, hafi verið á staðnum er Z hlaut áverkana sem lýst er í ákærinni. Tekin var skýrsla af Z fyrir dómi undir rannsókn málsins, sbr. c-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008. Vegna námsleyfis dómarsins sem annaðist skýrslutökuna varð því ekki við komið að sami dómari færi með mál þetta eins og gert er ráð fyrir samkvæmt 2. mgr. 112. gr. sömu laga. Það hefur hins vegar ekki úrslitaáhrif varðandi niðurstöðu málsins.

Dómari metur sönnunargildi lögregluskýrslna af B og C, sem hvorugur kom fyrir dóminn, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram með meðferð máls fyrir dómi. Mjög mikil óvissa er um margt í málinu og vitnisburður á reiki um flest sem mestu varðar. Árásarvopn fannst ekki þrátt fyrir ítarlega leit og engar skýringar hafa komið fram á áverkum ákærða, m.a. stunguáverkum.

Ekkert vitnanna sem komu fyrir dóminn sá það sem gerðist er Z hlaut áverkana sem lýst er í ákærinni. Þá er enginn vitnisburður um hvernig ákærði hlaut þá alvarlegu áverka sem lýst er í læknisvottorði sem rakið var.

Helst virðist mega ráða af framburði ákærða, þótt hann neiti sök, og af vitnisburði Z að hann hafi hlotið áverkana er hann kom til móts við ákærða er hann hélt á hnífnum.

Vitnið Z greindi frá því hjá lögreglu 5. nóvember 2016 að hann hefði fyrstur ráðist á ákærða og að hann hefði síðan fundið að hann hefði orðið fyrir hnífstungu.

Við skýrslutöku af vitninu Z fyrir dómi undir rannsókn málsins kvað hann ákærða í fyrstu hafa sveiflað hnífnum en bar síðan að ákærði hefði ekki gert það heldur haldið hnífnum á lofti.

Við skýrslutöku af C hjá lögreglunni kvað hann allt hafa gerst mjög hratt og Z hefði verið stunginn er hann kom nær ákærða.

Í lögregluskýrslu greindi B m.a. svo frá að hann hefði engin átök séð en skyndilega hafi Z legið í gólfinu eftir hnífssungu.

Ákærði neitar því að hafa stungið Z af ásetningi en lýsti því hvernig Z kom til móts við hann er hann hélt á hnífnum. Vitnið Z kvaðst hafa komið á móti ákærða er hann hélt hnífnum á lofti. Frásögn Z er óstöðug og ekki á einn veg um það sem gerðist. Nauðsynlegt hefði verið að fá ítarlegri vitnisurð hans um atburðarásina. Lögregluskýrslur af B og C, sem raktar voru, skýra atburðarásina ekki þannig að þær hafi úrslitaáhrif. Hið sama á við um önnur gögn málsins svo sem DNA-rannsóknir. Eins og rakið var fannst ekkert blóð úr Z á fatnaði ákærða sem útilokar ekki að hnífslagið hafi verið óhapp.

Samkvæmt þessu er mögum spurningum ósvarað um atburðarásina en allir á staðnum voru ölváðir við komu lögreglu, eins og rakið var. Til að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir dómi á ákærði rétt á því að spyrja eða láta spyrja vitni fyrir dómi, sbr. d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Z, brotáþoli í málinu sem einnig hefur uppi miskabótakröfu, fékkst ekki til að koma fyrir dóminn. Vegna fjarveru vitna sem til stóð að leiða, en tókst ekki, er málið að mati dómsins ekki nægilega upplýst. Spyrja hefði þurft þessi lykilvitni mun ítarlegar um málavexti svo gleggri mynd fengist af atburðarásinni. Það er mat dómsins að sakfelling án þess að lykilvitni komi fyrir dóminn færi gegn ofangreindu ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrá. Ákærði ber ekki hallann af því að þessi nauðsynlegu vitni komu ekki fyrir dóminn.

Að öllu ofanrituðu virtu er það mat dómsins að ekki verði með vissu dregin sú ályktun af vitnisburði Z fyrir dómi undir rannsókninni eða af öðrum gögnum málsins að ákærði hafi stungið Z af ásetningi.

Þegar allt ofanritað og önnur gögn málsins eru virt í heild, ásamat neitun ákærða, er það mat dómsins að ósannað sé að ákærði hafi stungið Z með hnífi af ásetningi í vinstri síðu inn í vinstra lunga og í vinstri kinn inn í munnhol. Samkvæmt þessu eru ekki uppfyllt saknæmisskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga og ber að sýkna ákærða.

Eftir þessum úrslitum ber að vísa miskabótakröfu Z frá dómi. 1.149.325 króna réttargæsluþóknun Sigurðar Freys Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs réttargæslumanns Z, greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnaður, þ.m.t. 3.562.520 króna málsvarnarlaun Guðmundar St. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði og 45.300 króna aksturskostnaður verjandans.

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Guðjón St. Marteinnsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Miskabótakröfu Z er vísað frá dómi.

1.149.325 króna réttargæsluþóknun Sigurðar Freys Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs réttargæslumanns Z, greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnaður, þ.m.t. 3.562.520 króna málsvarnarlaun Guðmundar St. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði og 45.300 króna aksturskostnaður verjanda.

Guðjón St. Marteinnsson